

Alþingi  
Erindi nr. P 133/205  
komudagur 22.11.2006



Alþingi - nefndasvið  
B.t. ritara iðnaðarnefndar  
Alþingi  
150 Reykjavík

Embætti talsmanns neytenda  
Forbrugertalsmanden  
The Consumer Spokesman

tn@tn.is www.tn.is

Höfðaborg  
Borgartúni 21, 2. hæð  
IS-105 Reykjavík  
Sími 510 1100, fax 510 1101

Reykjavík, 22.11.2006

Tilv. 2005/0037 - 2.0

GT


**Efni: Umsögn talsmanns neytenda um 5. mál, tillaga um þingsályktun um úttekt á hækkun rafmagnsverðs (133. löggjafarþing)**

Vísað er til bréfs yðar, dags. 13. nóvember sl., um ofangreint þingmál.

Meðal hlutverka embættis talsmanns neytenda er skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 62/2005 að standa vörð um hagsmuni og réttindi neytenda og stuðla að aukinni neytendavernd. Með hliðsjón af þeim lagaramma og þeim sjónarmiðum sem ég miða við til forgangsörðunar takmarka ég umsögn mína við hagsmuni og réttindi neytenda.

Tel ég ástæðu til þess að taka undir þingsályktunartillöguna og vil upplýsa að embætti talsmanns neytenda hafa borist nokkur erindi sem tengjast umræddri kerfisbreytingu á raforkumarkaði. Ekki hefur verið ákveðið hvort eitthvað verður aðhafst vegna þessa af hálfu talsmanns neytenda en helst kemur til álita að auðvelda neytendum að virkja samkeppni til lækkunar á raforkuverði. Því tel ég rétt að benda á að í slíkri úttekt væri æskilegt að lagt yrði mat á hvort – og þá hvaða – hömlur eru á því *í raun* að kraftar samkeppninnar á raforkumarkaði nýtist neytendum.

Virðingarfyllst,  
talsmaður neytenda,

  
Gísli Tryggvason.

talsmaður neytenda

- stendur vörð um hagsmuni og réttindi neytenda
- stuðlar að aukinni neytendavernd
- gefur út rökstuddar álitsgerðir
- gerir tillögur um úrbætur
- kynnir reglur um neytendamál
- leiðbeinir um meðferð ágreiningsmála
- bregst við brotum gegn réttindum og hagsmunum neytenda
- er óháður fyrir mælum frá öðrum